

ÁRÍÐANDI: Ákvörðun samgöngu- og sveitarstjórnarráðherra, skv. VI. bráðabirgðarákvæðis sveitarstjórnarlaga

Til : Jóhanna Sigurjónsdóttir <johanna.sigurjonsdottir@srn.is>
Frá : Jóhanna Sigurjónsdóttir <johanna.sigurjonsdottir@srn.is>
Heiti : ÁRÍÐANDI: Ákvörðun samgöngu- og sveitarstjórnarráðherra, skv. VI. bráðabirgðarákvæðis sveitarstjórnarlaga
Málsnúmer : 2020030054
Málsaðili : Ísafjarðarbær
Skráð dags : 18.03.2020 16:05:05
Höfundur : Jóhanna Sigurjónsdóttir <johanna.sigurjonsdottir@srn.is>

Viðhengi [Ákv. SRN 18.3.2020.pdf](#)[Ákv. SRN 18.3.2020.pdf](#)

Samgöngu- og sveitarstjórnarráðuneytið vekur athygli á eftirfarandi:

Í gær, þriðjudaginn 17. febrúar, samþykkti Alþingi breytingar á sveitarstjórnarlögum sem ætlað er að skapa sveitarfélögum svigrúm til að bregðast við neyðarástandi og tryggja að sveitarstjórnir verði starfhæfar. Breytingarnar kveða á um að ráðherra geti veitt sveitarstjórnnum tímabundna heimild til að víkja frá tilteknum ákvæðum sveitarstjórnarlaga til að sveitarstjórn sé starfhæf við neyðarástand og til að auðvelda ákvarðanatöku. Þetta er gert til að bregðast við aðstæðum sem hafa skapast vegna Covid-19 kórónaveirufaraldursins. Í greinargerð með frumvarpi til laganna segir að rétt þyki að rýmka reglur um fjarfundi til að bregðast við tilmælum yfirvalda um sóttvarnir, án þess að það torveldi ákvarðanatöku innan stjórnkerfis sveitarfélaga. Sjá hér: <https://www.althingi.is/altext/150/s/1147.html> og hér <https://www.stjornarradid.is/efst-a-baugi/frettir/stok-frett/2020/03/12/Frumvarp-til-ad-tryggja-ad-sveitarstjornir-geti-starfad-vid-neydarastand/>

Meðfylgjandi er auglýsing um ákvörðun ráðherra, skv. ofangreinds bráðabirgðarákvæðis sveitarstjórnarlaga. Fyrirhugað er að auglýsingin verði birt í Stjórnartíðindum og taki gildi á morgun, **fimmtudaginn 19. mars**. Þegar auglýsingin hefur verið birt verður send tilkynning þess efnis.

Bestu kveðjur,
Jóhanna Sigurjónsdóttir

Jóhanna Sigurjónsdóttir, sérfræðingur / Special Adviser
Skrifstofa sveitarfélaga og byggðamála / Department of Local Government and Regional Affairs
Samgöngu- og sveitarstjórnarráðuneyti / Ministry of Transport and Local Government
Sölvhólsgrötu 7, 101 Reykjavík, Iceland
Sími / Tel: (+354) 545 8200
www.samgonguraduneyti.is - [Fyrirvari/Disclaimer](#)

Vinsamlegast hugið að umhverfinu áður en tölvupósturinn er prentaður / Please consider the environment before printing